



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 90. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 30. nóvember 2020, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps, Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps, Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands, Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Skaftafell - Framtíðarsýn og stefnumótun - 1909031

Kynning á stefnumótun fyrir Skaftafell

Gestir

Helga Árnadóttir, Árni Geirsson, Herborg Árnadóttir, Erla Þórey Ólafsdóttir - 00:00

Helga Árnadóttir ásamt starfsmönnum ALTA kynnti vinnu starfshóps um mótun framtíðarsýnar fyrir Skaftafell. Umræður um hvaða atriði þurfi að hafa í huga, bent á að hægt sé að koma frekari hugmyndum og athugasemdum sem kvikni til Helgu. Bent á að á heimasíðu VJP sé skoðanakönnun þar sem allir hafa tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

2. Rekstraráætlun 2021 - 2009036

Þjóðgarðsvörður kynnir uppfærðar tillögur að rekstraráætlun vestursvæðis

Þjóðgarðsvörður kynnir uppfærðar tillögur og hvernig fjármagnið muni nýtast. Svæðisráð er sátt við áætlun þjóðgarðsvarðar og fagnar því að aukið fjármagn hafi fengist. Svæðisráð leggur þó áherslu á að mikilvægt sé að nægilegt fjármagn sé tryggt til að halda nægri mönnun á landvarðastöðvunum og fullri opnun á gestastofunni. Nú eru Íslendingar hvattir til að ferðast innanlands næsta árið og afar mikilvægt að hægt sé að halda uppi sömu þjónustu og undanfarin ár.

3. Tillaga að breytingum á SogV - verkefnislýsing - 2007010

Umfjöllun um verkefnislýsingu fyrir breytingatillögugerð og tillögur að breytingum á vestursvæði.

Þjóðgarðsvörður kynnir verkefnislýsingu fyrir breytingatillögugerðina.

4. Vonarskarð - Tillaga formanns - 2011013

Bókun á svæðisráðsfundi 30.11.2020

Fulltrúi Þingeyjarsveitar spurði formann út í umfjöllun um málefni Vonarskarðs á síðasta stjórnarfundum. Í framhaldi leggur hann fram eftirfarandi bókun:

Er málefni Vonarskarðs voru afgreidd í svæðisráði Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs dags. 14.10.2020 var niðurstaðan skýr, á þá leið að fjórir fulltrúar voru fylgjandi tilraunaopnun skarðsins fyrir vélknúinni umferð að hausti, samhliða rannsókn. Tveir fulltrúar voru því andsnúnir. Annar þeirra, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, brást trausti hins skýra meirihluta með því að fara fram með eigin skoðun um áframhaldandi lokun Vonarskarðs er málið var tekið fyrir á stjórnarfundum þjóðgarðsins þann 16.11.2020.

Áríðandi er að geta treyst því að formaður fylgi niðurstöðu svæðisráðsins eftir innan stjórnar, en fari ekki gegn henni.

Vegna framgöngu Ástu Berghildar í málinu lýsum við vantrausti á hana sem formann. Fulltrúar SAMÚT og náttúruverndarsamtaka styðja bókunina.

Ákveðið að kalla eftir nánari upplýsingum frá framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs, um hvort formanni svæðisráðs hafi verið heimilt að setja fram tillögu, í málefnum Vonarskarðs, í eigin nafni á stjórnarfundum og ganga þannig gegn samþykkt meirihluta svæðisráðs.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Fundum slitið kl. 14:58.